

Ed. 409. Frumvarp til laga

um sementsverksmiðju.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa við Önundarfjörð verksmiðju með fullkomnum vélum og öðrum nauðsynlegum útbúnaði til vinnslu sements. Vinnslugeta verksmiðjunnar skal miðast við 75 þúsund smálesta afköst á 300 dögum.

2. gr.

Til þess að standast kostnað af framkvæmdum samkvæmt lögum þessum, svo og til þess að tryggja verksmiðjunni nægilega orku, heimilast ríkisstjórninni að taka að láni allt að 15 millj. króna. Sementsverksmiðjan skal ávaxta og endurgreiða slík lán.

3. gr.

Ríkisstjórninni heimilast, ef samkomulag næst ekki um kaup á landi vegna byggingar sementsverksmiðjunnar, að taka eignarnámi lóðir og lendur, svo og mannvirki, sem á lendum þessum eru. Eignarnám þetta fer fram samkvæmt lögum nr. 61/1917, um framkvæmd eignarnáms.

4. gr.

Stjórn sementsverksmiðjunnar skal skipuð 3 mönnum, er atvinnumálaráðherra skipar til 4 ára í senn. Verksmiðjustjórn hefur á hendi yfirstjórn verksmiðjunnar. Atvinnumálaráðherra setur henni erindisbréf og ákveður laun hennar.

5. gr.

Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdastjóra með verkfræðilegri menntun til þess að hafa á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og umsjón með rekstri hennar. Framkvæmdastjóri hefur prókúrumboð fyrir verksmiðjuna og hlítir að öðru leyti ákvæðum erindisbréfs, sem verksmiðjustjórnin setur honum. Til þess að skuldbinda verksmiðjuna þarf undirskrift tveggja stjórnenda.

6. gr.

Endurskoðendur verksmiðjunnar eru tveir, skipaðir af atvinnumálaráðherra til tveggja ára í senn, og ákveður hann þóknun til þeirra að fengnum tillögum stjórnarinnar.

7. gr.

Verksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema útsvari til sveitarfélags. Aldrei fá leggja á hana hærra útsvar en nemi helmingi af tekjuafgangi hennar eða $\frac{1}{2}\%$ af kostnaðarverði framleiðslunnar ár hvert. Heimilt skal þó jafnan að leggja á hana útsvar, er nemi allt að $\frac{1}{4}\%$ af árlegu kostnaðarverði framleiðslunnar. Útsvar verksmiðjunnar má ekki nema hærri fjárhæð en fjórða hluta af heildarupphæð útsvars í hreppnum.

8. gr.

Reikningsár verksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár, svo fljótt sem auðið er. Af byggingarkostnaði húsa og annarra mannvirkja skal afskrifa a. m. k. 3% og a. m. k. 10% af kostnaðarverði véla og annarra áhaldna. Tekjuafgangur skal lagður í varasjóð.

Reikningsskilum skal lokið svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprilmánaðar ár hvert. Að henni lokinni skulu reikningarnir sendir atvinnumálaráðherra, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum. Skulu þeir síðan birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

9. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun á verksmiðjunni setur atvinnumálaráðherra með reglugerð að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.